

Ed.

112. Frumvarp til laga

[96. mál]

um sjúkraþjálfun.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Rétt til að starfa sem sjúkraþjálfari hér á landi og kalla sig sjúkraþjálfara hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi heilbrigðisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim íslenskum ríkisborgurum, er lokið hafa prófi frá skóla, sem viðurkenndur er af alþjóðasambandi sjúkraþjálfara (World Confederation of Physical Therapy). Leita skal umsagnar Félags íslenskra sjúkraþjálfara og landlæknis áður en leyfi er veitt hverju sinni.

3. gr.

Nú uppfyllir maður skilyrði 2. greinar að öðru leyti en því, að hann hefur ekki íslenskt ríkisfang og er þá ráðherra heimilt að veita honum tímabundið leyfi til að stunda sjúkraþjálfun, enda hafi Félag íslenskra sjúkraþjálfara ásamt landlækni mælt með leyfisveitingunni.

4. gr.

Sjúkraþjálfari starfar við hæfingu, endurhæfingu, kennslu, fræðslu og þjálfun sjúkra jafnt sem heilbrigðra.

5. gr.

Ekki má sjúkraþjálfari taka sjúkling til meðferðar án tilvísunar læknis.

6. gr.

Óheimilt er að ráða til hvers konar sjúkraþjálfarastarfa aðra en þá, sem starfsleyfi hafa skv. 2. eða 3. grein.

7. gr.

Sjúkraþjálfara er heimilt að hafa sér til aðstoðar fólk, sem ávallt skal starfa á ábyrgð og undir handleiðslu hans. Aðstoðarfólk þetta hefur ekki heimild til að taka að sér sjálfstætt verkefni á neinu sviði, sem undir sjúkraþjálfun fellur.

8. gr.

Sjúkraþjálfara ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og til-einka sér nýjungar, er varða sjúkraþjálfun.

9. gr.

Sérhverjum sjúkraþjálfara er skylt að gæta þagmælsku um atriði, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu, og leynt skulu fara samkv. lögum eða eðli málsins. Sama þagnarskylda hvílir á öllu aðstoðarfólki sjúkraþjálfara og helst þagnarskyldan þótt viðkomandi láti af starfi.

10. gr.

Verði landlæknir þess var, að sjúkraþjálfari vanræki skyldur sínar, fer út fyrir verksvið sitt, eða brýtur í bága við fyrirmæli laga eða heilbrigðisyfirvalda, skal hann áminna viðkomandi. Nú kemur áminning ekki að haldi og ber þá yfir-lækni að kæra málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að viðkomandi skuli sviptur starfsleyfi, en skjóta má þeim úrskurði til dómstóla.

11. gr.

Um sjúkraþjálfara gilda að öðru leyti, eftir því sem við getur átt, reglur laga um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar. Reglur laga um þessi efni gilda um refsingu vegna brota sjúkraþjálfara, um sviptingu starfsleyfis og um endurveitingu leyfis.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Félags íslenskra sjúkraþjálfara. Það er að mestu byggt á tillögum að nýjum lögum um sjúkraþjálfun, sem félagið sendi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu til umfjöllunar árið 1974, en núgildandi lög um þetta efni eru frá 18. apríl 1962 l. 31/1962).

Ráðuneytið taldi tillögur félagsins horfa í flestu til bóta frá núgildandi ákvæðum. Við samningu frv. þessa í ráðuneytinu hafa því ekki verið gerðar neinar efnis-breytingar aðrar en sú að felld hefur verið niður úr 2. grein í tillögum félagsins

það skilyrði, að viðkomandi skuli hafa meðmæli Félags ísl. sjúkraþjálfara og landlæknis, heldur skuli umsagnar þeirra leitað.

Eins og fram kemur í athugasemdum við 2. grein, telur ráðuneytið ekki eðlilegt, að starfsréttindi ísl. ríkisborgara, sem lokið hefur a.m.k. 4ra ára sérnámi erlendis, séu háð því, hvort meðmæli fáiast eða ekki. Reynist viðkomandi ekki réttinda verður, skal landlæknir gera ráðuneyti viðvart og er þá unnt að afturkalla starfsleyfið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er efnislega samhljóða upphafi 1. greinar núgildandi laga og í samræmi við upphafsgreinar laga og reglugerða þeirra, sem undanfarin misseri hafa verið settar um aðrar heilbrigðisstéttir.

Um 2. gr.

Í tillögum Félags ísl. sjúkraþjálfara var 2. gr. svohljóðandi:
„Leyfi samkv. 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi frá viðurkenndum skóla í sjúkraþjálfun og uppfyllir auk þess eftirtalin skilyrði:

- a) Er íslenskur ríkisborgari.
- b) Hefur meðmæli Félags íslenskra sjúkraþjálfara og landlæknis.
- c) Skólinn, sem nám var stundað í og prófi lokið frá skal vera viðurkenndur af alþjóðasambandi sjúkraþjálfara (World Confederation of Physical Therapy)

Eins og áður segir, taldi ráðuneytið skilyrði skv. lið b) of þröng og leggur til að í stað meðmæla verði stéttarfélaginu og landlækni gefinn kostur á að gera athugasemdir, ef einhverjir gildir annmarkar teljast á veitingu starfsréttinda.

Námsefni og kröfur til prófs í sjúkraþjálfun eru mjög mismunandi eftir löndum. World Confederation of Physical Therapy fylgist nákvæmlega með meantun og námi í hverju landi á hverjum tíma. Það krefst lágmarksinntökuskilyrða fyrir aðildarfélagin. Félag íslenskra sjúkraþjálfara er aðili að þessu sambandi enda eru íslenskir sjúkraþjálfarar menntaðir í löndum, þar sem skólar eru viðurkenndir af alþjóðasambandi sjúkraþjálfara.

Um 3. gr.

Þessi grein á við erlenda ríkisborgara, sem fengið hafa meðmæli stéttarfélagsins og landlæknis til sjúkraþjálfarastarfa hér á landi um stundarsakir.

Hér yrði því í raun um að ræða reglur hliðstæðar þeim, sem almennt gilda um veitingu atvinnuleyfis.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. grein núgildandi laga og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 6. gr.

Greininni er ætlað að taka af öll tvímæli um, að hvers konar sjúkraþjálfara störf, sem unnin eru á heilbrigðisstofnunum, endurhæfingarstöðvum eða öðrum stofnunum hverju nafni sem nefnast svo og í heimahúsum falli undir ákvæði laga þessara.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýmæli, sem ekki er í núgildandi lögum um sjúkraþjálfun. Verksvið sliks aðstoðarfólks yrði fyrst og fremst að flýta fyrir og létta undir störfum sjúkraþjálfara, en ávallt undir eftirliti og á ábyrgð hans.

Greinin þarfnast ekki skýringa. Um 8. gr.

Ákvæði um þagnarskyldu er í lögum þeim, sem vísað er til í 11. grein, en er hér tekið upp í sjálfstæða grein til frekari áherslu. Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa. Um 13. gr.